



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gönguljós með skynjunarbúnaði (US180455).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 30. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Lögð fram eftirfarandi tillaga flokks fólksins: Flokkur fólksins leggur til að öll gönguljós verði með skynjunarbúnaði sem gefi frá sér hljóðmerki þegar fótgangandi nálgast og sem nema og laga sig að umhverfishljóðum.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra.

Umsögn:

Þegar ný umferðarljós eru tekin í notkun og við endurnýjun eldri umferðarljósa, er nú gerð krafa um að hnappabox innihaldi stillanlegan hljóðmerkjagjafa sem getur breytt hljóðstyrk í samræmi við umhverfishljóð. Hljóðmerkin eru virk hvort sem gangandi vegfarendur eru til staðar eða ekki en hægt er að stýra því á hvaða tíma sólahrings þau eru virk. Einnig hefur verið skipt um eldri hnappabox sem ekki uppfylla þarfir blindra og sjónskertra, þar sem sérstaklega hefur verið óskað eftir því ef því hefur verið við komið, þó svo að ekki hafi verið komið að endurnýjun annars umferðarljósabúnaðs gatnamótanna.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*